



Nefndasvið Alþingis
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2019
Tilvísun: HII19100154/0.3

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um útlendinga (aldursgreining með heildstæðu mati), 115. mál.

Með tölvupósti, dags. 30 september sl., fékk Háskóli Íslands til umsagnar frumvarp til laga um útlendinga (aldursgreining með heildstæðu mati), 115. mál. Þess var óskað að undirrituð umsögn bærst ekki seinna en 18. október.

Af lestri 1. gr. frumvarpsins má sjá að fyrirhugað er að hugtakið „heildstætt mat“ komi í stað hugtaksins líkamsrannsóknar í 113. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016. Þá má sjá að nýr málsliður bætist við sem orðast svo að stjórnvöld mega ekki leggja fyrir útlending að hann gangist undir líkamsrannsókn til þess að ákvarða aldur hans nema vafi leiki á aldri viðkomandi eftir að öðrum úrræðum hefur verið beitt við hið heildstæða mat.

Klínískar munnholsskoðanir og röntgenmyndatökur til aldursgreiningar eru framkvæmdar af sérfræðingum Tannlæknadeildar Háskóla Íslands á grundvelli verksamnings milli Háskóla Íslands og Útlendingastofnunar sem undirritaður var í mars sl., en gildistími samningsins er eitt ár. Í aðdraganda þess samnings var samþykkt á fundi háskólaráðs 10. janúar sl. að skipa starfshóp til þess að fara yfir gögn er vörðuðu samninginn og undirbúa tillögu til háskólaráðs um afgreiðslu málsins. Á fyrsta fundi starfshópsins kom fram að fulltrúum í hópnum þótti merking hugtaksins heildstætt mat óljós, eins og hugtakið kemur fyrir í 39. gr. reglugerðar um útlendinga nr. 540/2017, þar sem fjallað er um aldursgreiningar.

Starfshópurinn fundaði í upphafi þessa árs með fulltrúum frá Útlendingastofnun, Rauða krossi Íslands og umboðsmanni barna. Á þeim fundum mátti ráða að fulltrúar frá Útlendingastofnun og Rauða krossinum voru ósammála um það hvað ætti að felast í heildstæðu mati á aðstæðum einstaklings og frásagnar hans af ævi sinni til þess að það teldist fullnægjandi. Af samtölum starfshóps háskólaráðs við Útlendingastofnun mátti ráða að niðurstöður úr klínískri munnholsskoðun og röntgenmyndatöku á tönnum eru gögn sem eru eftir atvikum lögð fyrir í heildstæðu mati, sem er hluti af málsmeðferð viðkomandi umsækjanda um alþjóðlega vernd, þegar Útlendingastofnun tekur afstöðu til aldurs hans. Undanfarar klínískrar munnholsskoðunar í ferli heildstæðs mats eru viðtal við sálfræðimenntaðan starfsmann Útlendingastofnunar og gagnaöflun.

Í samtölum starfshópsins við fulltrúa frá Rauða krossinum kom aftur á móti fram að þegar borið væri saman hið heildstæða mat sem fer fram hjá Útlendingastofnun við heildstætt mat eins og því er m.a. lýst í alþjóðlegum skýrslum um aldursgreiningar, væri það skoðun fulltrúa Rauða krossins að þar bæri ýmislegt á milli. Þá kom fram að aldursgreining á tönnum væri eingöngu einn liður í heildstæðu mati, en með aðkomu fleiri sérfræðinga í þroska barna fengist vandaðra mat. Fram kom að fulltrúum frá Rauða krossinum var ekki kunnugt um hvort starfsmaður Útlendingastofnunar sem tekur sálfræðiviðtöl við umsækjendur væri sérfræðingur í þroska barna.

Vert er að taka fram að samkvæmt þeim verksamningi milli Háskóla Íslands og Útlendingastofnunar um klíniska munnholsskoðun og röntgenmyndatöku sem samþykktur var í háskólaráði í mars sl. skal hverri beiðni til Tannlæknadeildar HÍ um munnholsskoðun og eftir atvikum röntgenmyndatöku á tönnum fylgja staðfesting frá Útlendingastofnun um að enn sé til staðar verulegur vafi á aldri umsækjenda eftir að aðrar aðferðir aldursgreininga, sem ekki fela í sér læknisfræðilega skoðun, hafa verið framkvæmdar. Því má í raun segja að það verklag sem viðhaft er við Tannlæknadeild Háskóla Íslands falli nú þegar vel að þeim breytingum sem umrætt frumvarp hefði í för með sér, ef það yrði að lögum.


Af öllu framangreindu má hins vegar ráða að það væri kostur að útfæra nánar í texta frumvarpsins hvað eigi að felast í hinu heildstæða mati og hvaða önnur úrræði eigi að vera undanfarar líkamsrannsóknar, t.d. aðkoma sérfræðinga í þroska barna.

Loks vill Háskóli Íslands koma því á framfæri að hinn 13. mars sl. sendi rektor dómsmálaráðherra bréf f.h. háskólaráðs þar sem vakin var athygli á þeirri niðurstöðu starfshóps háskólaráðs að bókun barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna, dags. 16. nóvember 2017, kunní að gefa tilefni til þess að endurskoða lög um útlendinga nr. 80/2016, í ljósi þess að ríkjum ber almennt að haga sinni löggjöf í samræmi við alþjóðlega mannréttindasamninga sem þau eru aðilar að. Í umræddri bókun (e. general comment) barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna, CMW/C/GC/4-CRC/C/GC/23, segir m.a.:

4. To make an informed estimate of age, States should undertake a comprehensive assessment of the child's physical and psychological development, conducted by specialist paediatricians or other professionals who are skilled in combining different aspects of development. Such assessments should be carried out in a prompt, child-friendly, gender-sensitive and culturally appropriate manner, including interviews of children and, as appropriate, accompanying adults, in a language the child understands. Documents that are available should be considered genuine unless there is proof to the contrary, and statements by children and their parents or relatives must be considered. The benefit of the doubt should be given to the individual being assessed. States should refrain from using medical methods based on, inter alia, bone and dental exam analysis, which may be inaccurate, with wide margins of error, and can also be traumatic and lead to unnecessary legal processes. States should ensure that their determinations can be reviewed or appealed to a suitable independent body.

Bréfi rektors var svarað f.h. dómsmálaráðherra hinn 24. júní sl. þar sem fram kom m.a. að undanfarin misseri hafi verið ráðist í töluverða skoðun á þeirri þjónustu og málsmeðferð sem stendur börnum í leit að alþjóðlegri vernd hér á landi til boða. Unnið hafi verið að samantekt um málsmeðferð, auk þess sem UNICEF á Íslandi hafi unnið kortlagningu á þjónustu við börn í leit að alþjóðlegri vernd hér á landi í samstarfi við fag- og hagsmunaaðila, m.a. dómsmálaráðuneytið. Ráðuneytið hafi fylgst með þróun málaflokksins og m.a. tekið mið af löggjöf Norðurlandþjóðanna þegar kemur að þróun innlendra löggjafar.

Virðingarfyllst



Jón Atli Benediktsson
rektor